



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2025.

Varðar: Stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Verkefningafélag Íslands vill með bréfi þessu koma á framfæri alvarlegum athugasemdum við nýlega skipun í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Í 2. grein laga nr. 137/2019 um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun segir:

„Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal starfa að stjórnarsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, rafmagnsöryggismála, [mælifræði, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu]¹⁾ og mála er varða byggingarvörur og brunavarnir svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Stofnunin skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði, m.a. með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja að almenningur hafi aðgang að öruggu og vistvænu húsnæði á viðráðanlegu verði og í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, þannig að almenningur hafi raunverulegt val um búsetuform.

☐ Stofnunin gegnir jafnframt samræmingarhlutverki, sinnir samstarfi við sveitarfélög um stjórnarsýslu húsnæðis- og mannvirkjamála og stuðlar að fyrirsjáanleika, skilvirkni og gæðum mannvirkjagerðar.

☐ Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast umsýslu Húsnæðissjóðs.

☐ [Stofnunin sér um fasteignaskrá og tengdar skrár og annast rekstur gagna- og upplýsingakerfa fasteignaskrár og útreikning fasteignamats og brunabótamats samkvæmt lögum sem um þau málefni gilda hverju sinni.]“



Í 6. grein sömu laga segir jafnframt að stjórnarmenn skuli hafa þekkingu eða reynslu af málaflokkum sem heyra undir stofnunina.

Verkfræðingafélag Íslands telur að sú stjórn sem nú hefur verið skipuð uppfylli ekki þessi lögbundnu skilyrði með viðunandi hætti. Einungis einn stjórnarmaður – formaður stjórnar – hefur einhverja tengingu við byggingariðnaðinn sem húsasmíðameistari og fasteignasali. Enginn í stjórninni býr yfir sérfræðikunnáttu á sviði mannvirkjagerðar.

Vanvirðing við menntun og sérfræðiþekkingu

Skipan stjórnar HMS er ekki einungis vanvirðing við þá sérfræðimenntun og fagþekkingu sem tæknimenntað fólk býr yfir, heldur ógnar jafnframt faglegri ákvarðanatöku innan stofnunar sem hefur viðtæk áhrif á öryggi, gæði og sjálfbærni í byggðu umhverfi. Með því að hunsa þessa þekkingu er verið sýna skilnings- og skeytingarleysi gagnvart afar mikilvægum málaflokki þar sem verkefnið er að tryggja gæði bygginga, uppræta byggingagalla sem eru viðvarandi vandamál, styðja við byggingarannsóknir og gæta hagsmuna húseigenda á margvíslegan máta.

Það er mat Verkfræðingafélagsins að þessi skipan endurspegli alvarlegt metnaðarleysi í garð málaflokksins, á tímum þar sem brýnt er að takast á við stórar áskoranir í mannvirkjagerð.

Í þessu samhengi skal minnt á fyrri ákvarðanir stjórnvalda sem haft hafa neikvæð áhrif á faglega umgjörð mannvirkjagerðar, svo sem þegar Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins var lögð niður. Þá er rétt að nefna að á undanförunum árum eru mög dæmi um að stjórnendur mikilvægra innviðastofnana sem byggja á verkfræðilegri sérþekkingu hafi verið skipaðir án nokkurrar sérfræðiþekkingar á viðkomandi sviði.

Skipan nýrrar stjórnar HMS er því miður enn eitt dæmið um stefnu þar sem fagþekking verkfræðinga, tæknifræðinga og annars tæknimenntaðs fólks er virt að vettugi. Þetta sýnir alvarlegt skilningsleysi stjórnaráðs á mikilvægi sérfræðimenntunar og djúprar fagþekkingar



og hætt er við að það muni hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun og gæði mannvirkja á Íslandi um langa framtíð.

Ákvörðun sem þessi felur í sér alvarleg skilaboð til samfélagsins alls - að háskólamenntun og sérfræðispekking sé lítils virði.

Verkfræðingafélag Íslands skorar á ráðherra að endurskoða skipan stjórnar HMS og tryggja að fagleg hæfni og sérmenntun á sviði mannvirkjagerðar fái raunverulegt vægi við ákvarðanatöku í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Verkfræðingafélags Íslands,

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.

Árni B. Björnsson, framkv.stj. VFÍ